

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Norrænt samstarf um tungumálþjálfun

Nafn styrkþega: Rauði krossinn á Íslandi

Útdráttur: Rauði krossinn á Íslandi starfrækir fjölda íslensku-spjallhópa víða um land. Þangað kemur fólk sem er að læra íslensku til að æfa sig í málinu undir handleiðslu íslenskumælandi sjálfboðaliða. Auk þess býður félagið flóttafólki upp á einstaklingsbundna aðstoð meðan það tekur sín fyrstu skref í tungumálavegferð sinni. Verkefnið sem hér um ræðir snéri að því að þróa þær aðferðir og kennslugögn sem notast er við í íslenskuþjálfunar-verkefnum félagsins með það að leiðarljósi að tryggja samræmi og gæði þjónustunnar. Þetta var gert í samstarfi við landsfélög Rauða krossins í Noregi, Danmörku og Finnlandi. Framan af voru reglulegir fjárfundir milli fulltrúa þessara landsfélaganna þar sem grunnur að samstarfinu var lagður. Síðastliðið vor var svo haldin þriggja daga vinnustofa í Bergen í Noregi. Tveir starfsmenn, annars vegar af höfuðborgarsvæðinu og hins vegar úr Eyjafirði, ásamt tveimur sjálfboðaliðum hvor af sínu svæðinu sóttu vinnustofuna fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi. Þar kynntust þau aðferðum sem beitt er við tungumálþjálfun hinna þriggja landsfélaganna í gegnum kynningar, hópavinnu og raunhæf verkefni. Það sem stóð einna helst upp úr var finnsk aðferðafræði sem nefnist „toisto-aðferðin“ sem gengur út á að læra einfalda frasa með endurtekningu, fjölbreytt tungumálþjálfunar-verkefni norska Rauða krossins, á borð við fjallgöngu-spjallhóp, og veflausn landsfélags Danmerkur, „Sprogland“. Til viðbótar við þá þekkingu sem starfsfólk og sjálfboðaliðar félagsins öðluðust í þessu skemmtilega samstarfi var margs konar kennslugögn upp úr því að hafa. Tvær

handbækur ætlaðar sjálfboðaliðum hafa verið þýddar og staðfærðar á íslensku, annars vegar úr norsku og hins vegar dönsku. Þær hafa þegar nýst sjálfboðaliðum vel og munu eflaust gera það áfram. Verkefnið var einnig kveikjan að auknu samtali milli sjálfboðaliða innanlands, þar sem að boðaðir voru fjarfundir með sjálfboðaliðum í íslenskuþjálfunar-verkefnum félagsins um allt land - eitthvað sem til stendur að halda gangandi, enda dýrmætt fyrir þann hóp að geta skipst á reynslu og þekkingu.

Project Title: Nordic Cooperation on Language Training

Name of Grantee: Icelandic Red Cross

Abstract: The Icelandic Red Cross operates numerous Icelandic language conversation groups across the country. These groups provide people learning Icelandic with opportunities to practice the language under the guidance of Icelandic speaking volunteers. In addition, the organization offers refugees individualized support as they take their first steps on their language learning journey. 2 The project described here focused on developing the methods and teaching materials used in the organization's Icelandic language training initiatives, with the aim of ensuring consistency and high-quality services. This work was carried out in collaboration with the Red Cross national societies of Norway, Denmark, and Finland. At the outset, representatives from the four national societies held regular online meetings, laying the foundation for the co-operation. Last spring, a three day workshop was held in Bergen, Norway. Two staff members-one from the capital area and one from Eyjafjörður-along with two volunteers from each of the regions attended the workshop on behalf of the Icelandic Red Cross. During the workshop, participants became familiar with the language training approaches used by the other three partner organizations through presentations, group work, and practical exercises. Particularly notable were the Finnish "Toisto Method," which focuses on learning simple phrases through repetition; the diverse language training activities of the Norwegian Red Cross, such as a hiking themed conversation group; and the Danish national society's digital learning platform, Sprogland. In addition to the knowledge gained through this rewarding cooperation, the project produced a range of useful teaching materials. Two volunteer handbooks - one Norwegian and one Danish - were translated and adapted to Icelandic context and have already proven valuable. The project also sparked increased communication among volunteers within Iceland,

leading to the introduction of nationwide online meetings for all volunteers involved in language training initiatives. These meetings are expected to continue, offering an important forum for sharing experience and expertise.